## 24. Orðasafn. Upphaf að ritgjörð.

1/2 blað. Ófullgert.

## Orðasafn.

Þótt eigi sé ég „kennimeistari né kennsluráðin" í málfræði eða málspekinga, hefi ég rekist á ýmsar meinlegar málvillur í íslensku máli, einkum þó í blöðum bæjarins og jafnvel í tímaritum landsins svo og í tali manna í milli. Hafa afbakanir þessar og villur hneykslað mig svo mjög, að ég hefi oft verið kominn á fremsta hlunn með að vekja athygli á þeim, þótt eigi gjöri ég ráð fyrir að geta miklu um þokað til úrbóta í því efni, því venjan er gvendur jafnan lífseig og lætur sér eigi segjast jafnvel þótt um auðsæilegan sannleika sé að ræða.

Án frekari formála vildi ég svo mega tilfæra hér fáein orð og setningar, er mér hefir þótt og þykir enn vera einna klaufalegastar, m.a. orðið

<u>Veitistkati</u>, sem nú er notað í gagnstæðri þýðingu við það, sem áður var og til forna.